



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 13. desember 2007
Ákvörðun nr. 64/2007

Samruni Innnes hf. og Selecta fyrirtækjaþjónustu ehf.

1.

Með bréfi Logos lögmannaþjónustu, dags. 2. nóvember sl., var tilkynnt um samruna Innnes hf. og Selecta fyrirtækjaþjónustu ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna¹. Bréfinu fylgdi einnig samningur um kaupin, auk ársreikninga samrunaaðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga sem fellur undir samrunaæftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að aðalstarfsemi samrunaaðila felist í heildsölu, innflutningi og dreifingu matvæla og sælgætis og sé það sá markaður sem félögin starfi á. Innnes sé heildsölu fyrirtæki sem flytji inn og dreifi matvælum og sælgæti. Hluthafar Innnes séu Dalsnes ehf. með 65,42% hlutfjár og Húsmúli ehf. með 34,58% hlutfjár. Innnes flytji inn matvörur og sælgæti s.s. Hunts tómatvörur, Gevalia kaffi, Maarud snakk, Toblerone súkkulagði, Freschetta og Chicago Town Pizzur, Tilda hrísgjón, Orville örbylgjupopp o.fl. Selecta sérhæfi sig aðallega í matar- og drykkjarlausnum fyrir vinnustaði. Fyrirtækið komi fyrir kaffivélum, vatnskælum og sjálfkönum á vinnustöðum sem það síðan sjái um að fylla á og viðahlða. Selecta geri þjónustusamninga við sína viðskiptavinum, um þjónustu, vélbúnað, hve oft þjónustufulltrúar komi á staðinn o.s.frv. Þá bjóði Selecta upp á úrval af algengustu rekstrarvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir, s.s. kaffi, te, súkkulaði, mjólk, sykur auk einnota rekstarvara.

3.

Í samrunaskránni kemur jafnframt fram að tilgangur Innnes með kaupum á Selecta sé að auka við þjónustu fyrirtækisins en með kaupunum hafi fyrirtækið hafið sókn á nýjan markað hvað varði matar- og drykkjusöluálag úr sjálfkönum.

Velta Innnes á árinu 2006 hafi verið samtals kr. [...]² þar af vegna heildverslunar með matvöru kr. [...]³ Samanlögð velta Innnes og Selecta hafi verið kr. [...]⁴ á

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



árinu 2006. Áætluð velta Innnes á þessu ári eftir samrunann við Selecta sé kr. [...] ⁵ og geri áætlanir ráð fyrir því að [...] tekna verði vegna heildverslunar matvöru, [...] vegna smásölu og [...] vegna seldrar þjónustu. ⁶ Velta Selecta á árinu 2006 hafi verið samtals kr. [...] ⁷, þar af vegna smásölu á vörum [...] ⁸ og vegna þjónustu [...]. ⁹ Áætluð velta Selecta á þessu ári sé kr. [...] ¹⁰ sem skiptist í [...] ¹¹ af heildinni.

Fram kemur að samrunaaðilar eigi ekki í samstarfi við neina aðila á íslenska markaðnum fyrir utan samninga sem gerðir hafi verið vegna kaupa, sölu og dreifingu á vörum.

Jafnframt segir að hvorki Innnes né félög í þess eigu stundi þjónustu við fyrirtæki með vatnslausnir og sjálfsala líkt og Selecta. Áætluð hlutdeild Selecta á þeim markaði sé áætluð um [...] ¹². Vakin er athygli á því að markaður málsins hafi stækkað nokkuð síðustu ár og hafi keppinautum félagsins því bæði fjölgað og þeir stækkað. Af ofangreindu megi því vera ljóst að litlar líkur séu á að áhrifa samrunans gæti á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfi á.

Samrunaaðilar telja jafnframt að hvorugt félagið sé í markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem þau starfi. Þar sem takmörkuð breyting hafi orðið á markaðshlutdeild félaganna vegna samrunans á hvorum markaði fyrir sig sé ljóst að slík staða verði ekki til né heldur muni hún styrkjast. Helstu keppinautar Innnes á markaðnum séu m.a. Danól, Íslensk-Ameríska, Nathan&Olsen, Ekran, Ásbjörn Ólafsson, O. Johnson & Kaaber, Aðföng, Kaupás, Samkaup, Eggert Kristjánsson og John Lindsay. Þá sé Innnes í samkeppni við fjölmarga aðra aðila á markaðnum vegna sölu á matvöru, bæði aðra innflytjendur, heildsala og innlenda framleiðendur. Á markaðnum fyrir drykkjarlausnir starfi einnig fjölmörg fyrirtæki sem veiti veitingahúsum þjónustu. Megi þar nefna Kerfi, Danól, O. Johnson & Kaaber, Te og kaffi, Karl K. Karlsson, Ölgerðina, Nýju Kaffibrennsluna og A. Karlsson. Einnig séu dæmi þess að viðskiptavinir kaupir sjálfir tækjabúnaðinn og kaupir þá drykkina frá öðrum aðila. Því megi leiða líkum að því að ákveðnar raftækjaverslanir séu að einhverju leyti í samkeppni við aðila sem leigi út drykkjarvélar og veiti þjónustu í tengslum við þær.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni engin áhrif hafa á hagsmuni neytenda né milliliða.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif og hvort

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.



markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Við kaupin er Innnes að auka þjónustu sína og fara inn á markað sem fyrirtækið hefur að takmörkuðu leyti starfað á áður og nokkur samkeppni ríkir á. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Innnes og Selecta á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi keypti Innnes hf. hlutafé í Selecta ehf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

